

Primex ehf.

Skýrsla um grænt bókhald 2021



Primex ehf.

GRÆNT BÓKHALD VEGNA BÓKHALDSÁRSINS 2021

Skv. lögum nr. 87/2001 um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eiga fyrirtæki að færa svokallað grænt bókhald og skila árlegri skýrslu til Umhverfisstofnunar. Primex ehf. er eitt þeirra fyrirtækja sem fellur undir þetta ákvæði. Hér fylgir skýrsla Primex ehf. um grænt bókhald vegna bókhaldsársins 2021.

Stjórn Primex ehf. staðfestir hér með grænt bókhald Primex ehf. vegna bókhaldsársins 2021

Siglufjörður 29.04.2022


Stjórn Primex ehf.



Olafur Marteinsson



Unnar Már Pétursson



Gunnar Sigvaldason

Óháð staðfesting til Primex ehf. vegna græns bókhalds

Við höfum kannað skýrslu Primex ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2021.

Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Primex um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og að upplýsingar um mengunarmælingar sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga séu réttar.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni sé í öllum meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- hvort tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins
- hvort upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar eru í samræmi við niðurstöður UMÍS, sem sér um og hefur eftirlit með mengunarmælingum fyrir Primex.
- hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við frumgögn
- hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegrar og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að skýrsla Primex ehf. um grænt bókhald á árinu 2019 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 27. apríl 2022.
KPMG ehf.

Rekstraraðili:

Vísað er til starfsleyfis frá Umhverfisstofnun sem gefið var út þann 3. júní 2015 og gildir til 3. júní 2031. Starfsleyfi þetta gildir fyrir Primex ehf., kítósanverksmiðju sem staðsett er að Óskarsgötu 7 á Siglufirði, kennitala: 681197-2819. Primex ehf. fellur undir fyrirtækjaflokk 4.7.

Stjórn fyrirtækisins:

Stjórn fyrirtækisins er skipuð þremur mönnum og einum til vara. Eftirtaldir aðilar sitja nú í stjórn sem aðalmenn: Ólafur Marteinsson, Gunnar Þór Sigvaldason, Unnar Már Pétursson. Til vara er: Björn Valdimarsson

Lýsing á starfseminni:

Primex ehf. er líftæknifyrirtæki sem vinnur kítín og kítósan úr rækjuskel sem annars fellur til sem úrgangur í rækjuvinnslum. Miklir notkunarmöguleikar eru með kítósan, t.d. í matvæla-, snyrti- og lyfjaiðnaði o.m.fl. Hámarksafköst verksmiðjunnar eru 500 tonn af kítósani á ári.

Rækjuskel er meðal annars byggð úr próteinum, kalki og kítíni. Primex hreinsar prótein og kalk frá kítíni skeljarinna með aðstoð saltsýru og vítissóda. Kítíninu er svo breytt í kítósan með frekari vinnslu sem er svo malað í afmörkuðu rými inni í verksmiðju fyrirtækisins. Engar verulegar breytingar eða frávik urðu á árinu hvað varðar umhverfimál, samsetningu framleiðslu, tækjabúnaði

Eftirlitsaðili:

Umhverfisstofnun sér um eftirlit með ákvæðum starfsleyfis og öðrum þáttum í rekstri fyrirtækisins. Eftirlitið felst í reglulegum athugunum þar sem könnuð eru þau atriði í starfseminni sem hugsanlega geta valdið mengun efna í vatni, lofti eða jarðvegi auk þess sem fylgst er með frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs. Eftirlitsaðili framkvæmir einnig skoðanir vegna nýs búnaðar sem fyrirtækið kann að taka í notkun og/eða ef upp skyldu koma kvartanir. Þá gerir eftirlitsaðili sérstakar úttektir í samræmi við áætlun sem fyrirtækið gerir um úrbætur.

Umhverfismál:

Primex ehf. er umhugað um umhverfi sitt og þar er lögð áhersla á að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um umhverfisþætti. Fyrirtækið hefur sett sér umhverfismarkmið og fylgir þeim. Vinnusvæði er haldið snyrtilegu, vélarhlutir og annað lauslegt er ekki haft á víðavangi og allur úrgangur er fjarlægður jafnóðum af lóð verksmiðjunnar. Akstursleiðir til og frá fyrirtækinu sem og plön við verksmiðjudyr eru lögð bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

GEYMSLA OG MEÐFERÐ HRÁEFNIS

Hráefnismál:

Öll meðferð á rækjuskel, helsta hráefni framleiðslunnar, er miðuð við að halda lykt í algjöru lágmarki. Rækjuskelin er geymd í yfirbyggðum og þéttum geymslugum og unnin eins fljótt og kostur er frá því að hún fellur til. Tæming hráefnisgeymsluna er að mestu leyti sjálfvirk og strax eftir tæmingu eru geymslur þrifnar.

Flutningstæki:

Hráefni eru flutt á bílum frá OK gámaþjónustunni í þéttum og lokuðum gámum. Notkun allra tækja er lágmörkuð eins og frekast er kostur. Flutningstækin eru þrifin að notkun lokinni og það sama gildir um lóð verksmiðjunnar. Heildarmagn hreinsiefna til þrifa á árinu 2021 var 125 lítrar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu er sameinað frárennsli verksmiðjunnar.

Ætandi efni:

Saltsýra og vítissódi, sem eru nauðsynleg hjálparefni í framleiðslunni, eru geymd í sérstökum hráefnisgeymslugum sem eru yfirbyggðar og þéttar. Geymslurnar eru lokaðar og læstar og óviðkomandi er bannaður aðgangur. Lagnir fyrir vítissóda eru einnig þéttar. Umhverfis saltsýru- og sódageymslur eru safnþrær úr sýru- og sódaheldum efnum sem geta tekið við innihaldi þeirra.

Í töflu 1 er yfirlit um hráefni og hjálparefni sem notuð eru við framleiðslu á kítíni og kítósani. Tölur um hráefnanotkun eru birtar sem hlutfallstölur og árið 2003 haft sem grunnár (magn / magn 2003 * 100). Þetta er gert þar sem stjórnendur félagsins telja að um viðkvæmar upplýsingar sé að ræða sem flokkaðar eru sem framleiðsluleyndarmál.

Tafla 1: Yfirlit um hráefnisnotkun

	Árið 2021	Árið 2020
Rækjuskel	15,7	32
Vítissódi	31,1	24,7
Saltsýra	34	30,3
Peroxíð	0	2,1
Klór	25	26,3
Froðueyðir	83,3	75,4

Tafla 2 sýnir yfirlit um notkun orku, efna í framleiðslunni og jarðefnaeldsneyti. Tölur eru birtar sem hlutfallstölur og árið 2003 haft sem grunnár.

Tafla 2: Yfirlit um notkun orku og vatns

	Árið 2021	Árið 2020
Raforka	270,2	265
Gufa	0	0
Kalt vatn	61,4	57,2
Eimað vatn	0	0
Bensín	4,5	-
Díselolía	603,9	-
Gasolía	103,0	-

Notkun íblöndunarefna sem notuð eru í framleiðslunni er sýnd í töflu 3. Tölur eru birtar sem hlutfallstölur og árið 2004 haft sem grunnár.

Tafla 3: Yfirlit um notkun íblöndunarefna

	Árið 2021	Árið 2020
Succinic sýra	32,8	0
Magnesium stearate	0	0

FRÁRENNSLI

Fráveitulögn:

Frárennslí er leitt út fyrir löndunarbryggju við Óskarsgötu 7 þar sem því er hleypt út og reynt að tryggja að ekki verði mengun af völdum þess. Það er gert með mikilli útpynningu á prótíni og kalki úr rækjuskelinni áður en það er leitt út. Einnig eru saltsýra og vítissódi hlutleyst með sérstökum hlutleysingarbúnaði til að þessi efni hafi ekki mengandi áhrif á viðtaka. Þannig er reynt að girða fyrir að efni frá verksmiðjunni valdi mengun í umhverfinu. Framkvæmdir við lengingu fráveitulagnarinnar voru kláraðar í júní 2019 en hún nær nú 76 m út í fjörðin og 10 m undir sjávarmál.

Nákvæm staðsetning útrásar í sjó er: $66^{\circ}09'02''$, $20 - 18^{\circ}.53'52''$

Útrás frárennslis:

Útrás frárennslis frá verksmiðju er í lokuðu kerfi og aðskilið frá öðrum kerfum. Með þeim hætti er þess gætt að við útrás myndist ekki set, útfellingar eða þekjur af örverum. Sigtí eru á öllum tönkum sem sigta frá allt sem er stærra en 1 mm í þvermál frá frárennslinu. Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótneyti er leitt í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

MÆLINGAR

Mælingar eru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar að jafnaði einu sinni á ári til að fylgjast með magni lífrænna efna og svifefna. Umhverfisstofnun hefur skilgreint 4 sýnatöku punkta sem Primex skuli taka vatnssýni frá, nákvæmar staðsetningar þessara punkta eru eftirfarandi:

Punktur 1	Beint fyrir ofan útrás/uppstreymi	66°09'02",20 18°. 53' 52"
Punktur 2	10 metra norður af uppstreymi	66°09'02",56 18°. 09'52"
Punktur 3	10 metrar suður af uppstreymi	66°09'01" 96 18°53'55"
Punktur 4	Frárennslisvatn Primex	

Sýni voru tekin úr frárennslisvatni Primex (sýnatöku punktur 4) til að fylgjast með magni lífrænna efna og svifefna. Einnig voru tekin sýni úr sjó (sýnatöku punktar 1 – 3) sem er útstreymi frárennslis, 10 metrar norður af útstreymi og 10 metrar suður af útstreymi. Í sjósýnum er mælt magn lífrænna efna og svifefna, auk þess er mælt magn köfnunarefnis (N), fosfórs (P) og kalsíum (Ca). Niðurstöður þessara mælinga eru birtar í töflum 4 og 5.

Tafla 4: Niðurstöður úr mælingum á safnsýni úr frárennsli

	Sýni 4
Lífrænt efni COD/TOC (mg/l)	84,1
Svifagnir (mg/l)	150

Einnig hafa verið tekin árlega sýni úr sjó sem er viðtaki frárennslis. Í sjósýnum er mælt magn lífrænna efna og svifefna eins og gert er í safnsýnum frárennslis en auk þess er mælt magn köfnunarefnis (N), fosfórs (P) og kalsíum (Ca). Niðurstöður efnagreininga þessara mælinga eru birtar í töflum 5.

Tafla 5: Niðurstöður úr mælingum á viðtaka frárennslis

	Sýni 1	Sýni 2	Sýni 3
Köfnunarefni (mg/l)	30,1	<1,0	<1,0
Fósfór (mg/l)	11,8	0,049	<0,03
Kalsíum (mg/l)	402	393	397

ÚRGANGUR

Fyrirtækið reynir eftir fremsta megni að draga úr myndun úrgangs. Til að mynda var allt hráefni á árinu hæft til vinnslu og ekkert var urðað. Allt plast og allur pappír sem fellur til við framleiðsluna er flokkaður, skráður og komið til viðurkenndrar móttökustöðvar til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Almennt sorp sem fargað var á árinu 2021 var alls 6,34 tonn, flokkað plast var 347 kg og pappír 449 kg sem komið var í endurvinnslu.

Í töflu 6 eru niðurstöður vegna frárennslis eða útstreymisbókhald.

Tafla 6: Útstreymisbókhald

	Árið 2021	Árið 2020
Heildarlosun	250 þús.t	232,9 þús.t
Köfnunarefni	13,70 t	31,85 t
Fósför	1,52 t	3,54 t

ANNAÐ

Hljóð:

Mölun á kítósani fer fram með sérstökum búnaði í afmörkuðu rými í verksmiðjuhúsi fyrirtækisins að Óskarsgötu 7. Hávaði er inni í verksmiðjunni sjálfri á meðan á möluninni stendur en enginn hávaði berst til nærliggjandi íbúðabyggðar.

Mengunaröhöpp:

Á árinu 2021 urðu engin mengunaröhöpp hjá fyrirtækinu. Beri óhapp eða slys að höndum sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið vegna bilunar í mengunarvarnarbúnaði er samstundis gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt viðbragðsáætlun og óhappið tilkynnt til viðkomandi eftirlitsaðila samkvæmt viðbragðsáætlun.

LOKAORÐ

Með færslu græns bókhalds hjá Primex ehf. fæst betri sýn yfir þætti framleiðslunnar sem hugsanlega kunna að hafa áhrif á umhverfið. Skráningar og útgáfa skýrslu um grænt bókhald eru mikilvæg til upplýsingagjafar til viðskiptavina, stjórnavalda sem og almennings, en jafnframt fyrir fyrirtækið til að draga megi með skipulögðum hætti úr notkun mengandi efna og þróa framleiðsluaðferðir sem hafa sem minnst áhrif á umhverfið. Framleiðsla fyrirtækisins er í eðli sínu umhverfisvæn þar sem um er að ræða endurnýtingu á afurð sem annars fellur til sem úrgangur. Lögð er áhersla á að framleiðslan sé ávallt í sátt við umhverfið og þær vonir standa til að með áframhaldandi færslu á grænu bókhaldi megi fyrirtækið bæta sig enn frekar í samskiptum sínum við það.

KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Siglufjörður, 29. apríl 2022

Staðfestingabréf stjórnenda

Staðfestingarbréf þetta er gefið út í tengslum við staðfestingu ykkar á skýrslu um grænt bókhald sem miðast við 31. desember 2021. Staðfestingin hefur það að markmiði að sannreyna tölulegar upplýsingar skýrslunnar og kanna hvort hún sé gerð í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við staðfestum að okkur er kunnugt um ábyrgð okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í samræmi við framangreint staðfestum við jafnfram eftirfarandi samkvæmt okkar bestu vitund:

1. Við gerum okkur ljóst að staðfestingarvinna KPMG byggir á umræddri skýrslu og gögnum sem við léturn KPMG í té en við berum ábyrgð á skýrslunni og gögnum henni tengdri.
2. Við höfum veitt ykkur aðgang að öllum þeim gögnum sem tengjast staðfestingarvinnu vegna skýrslu um grænt bókhald.
3. Það hafa ekki komið upp misferli eða aðrir þeir atburðir hjá Primex ehf., á tímabilinu sem haft geta veruleg áhrif á skýrslu um grænt bókhald. Þá hafa ekki komið upp slík mál varðandi stjórnendur eða starfsmenn sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti.
4. Það hafa ekki komið upp nein ágreiningsefni við yfirvöld eða eftirlitsaðila né hefur Primex ehf. brotið lög eða reglur sem leitt gæti til atburða sem hefðu veruleg áhrif á þá þætti sem tengjast skýrslu um grænt bókhald.
6. Okkur er ekki kunnugt um áhættu eða atvik sem átt hafa sér stað frá ársþyrjun 2022 sem gætu haft veruleg áhrif á mat á þeim þáttum er tilheyra grænu bókhaldi eða kunna síðar að hafa áhrif á þá.

Virðingarfyllst,

Primex ehf.

Ágúst.